# Morgunfundur um vindorku og landslag

Sigurjón Norberg Kjærnested
Samorka
29. október 2019

# Þróun vindorkunýtingar

# Þróun erlendis

## Skotland

- Gríðarleg uppbygging vindorku
  - Uppsett afl: **6.556 MW**
  - Í byggingu: **1.667 MW**
  - Samþykkt: **5.161 MW**
  - Samtals: **13.384 MW**



SAMORKA

# Ferðamennska og Skotland

- Skotland er sambærilegt Íslandi þar sem ferðamennska byggir á:
  - Skoska hálendinu
  - Víðerni
  - Fallegt landslag
  - Gönguferðir
- Ferðamennska um allt Skotland rannsökuð frá 2009-2015
- Skoðað hvort fjöldi vindmylla hefði áhrif á fjölda starfa tengd ferðamennsku
- Það er opinber afstaða skoska ferðamálaráðherrans og VisitScotland (Ferðamálastofa Skotlands) að:
- ***Vindorka hefur ekki haft neikvæð áhrif á ferðamennsku í Skotlandi***
- **Telja ferðamennsku og vindorku geta vaxið saman**
- **Af hverju þarf vindorka því að hafa neikvæð áhrif á ferðamennsku á Íslandi?**



# Vöxtur vindorkunýtingar í BNA




Source: AWEA U.S. Wind Industry First Quarter 2018 Market Report

- Meira en 54,000 vindtúrbínur
- Uppsett afl þrefaldast frá 2008
- Vindur er #1 uppspretta nýrrar endurnýjanlegrar orku
- Meira en 7 GW bætt við árlega síðustu 3 ár

# Vindorka var 26% af nýju uppsettu afli í BNA 2017




Source: AWEA U.S. Wind Industry Annual Market Report Year Ending 2017

# Fyrirtæki eru í auknum mæli að velja vindorku




Source: AWEA U.S. Wind Industry Annual Market Report Year Ending 2017

# Tækniþróun á fullri ferð




Source: AWEA U.S. Wind Industry Annual Market Report Year Ending 2017

# Kostnaður lækkar hratt

Unsubsidized Wind LCOE




Source: Lazard's Levelized Cost of Energy Analysis 11.0

# Risastór áhrif á loftslagið




Vindorkunýting minnkaði útblástur um meira en milljarð tonn af $CO_2$ 2018

Source: AWEA U.S. Wind Industry Annual Market Report Year Ending 2017

# Af hverju vindorka á Íslandi?

# Orkustefna fyrir Ísland

## | Orkustefna fyrir Ísland

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, skipaði á vordögum 2018, starfshóp með aðkomu allra þingflokka til að vinna orkustefnu fyrir Ísland. Þess er vænst að tillaga hópsins verði lögð fram til umræðu á Alþingi í byrjun árs 2020.

Í erindisbréfi starfshópsins segir að í fyrsta áfanga skuli fara fram ítarleg undirbúnings og greiningarvinna sem myndar faglegan grundvöll fyrir mótun langtímaorkustefnu. Lagt er fyrir starfshópinn að hafa víðtækt samráð í störfum sínum, kalla eftir hugmyndum við upphaf starfs þar sem leitað verði með opnu ferli eftir hugmyndum og tillögum að innihaldi orkustefnu frá almenningi, hagsmunaaðilum og félagasamtökum

- ORKUSTEFNA á samráðsgátt
- Kynning á orkustefnu



ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

**Starfshópur um gerð Orkustefnu**

Starfshópurinn samanstendur af fulltrúum sem tilnefndir eru af öllum þingflokkum auk þess sem...






Mynd 5.6 **Heildaraflþörf samkvæmt sviðsmyndum.**

# YFIRLÝSING UM KOLEFNISHLUTLEYSI FYRIR 2040

## FRAMLAG ORKU- OG VEITUSTARFSEMINNAR TIL LOFTSLAGSMÁLA

### Orku- og veitumál eru líka loftslagsmál

Alþjóðasamfélagið hefur með Parísarsamningnum tekið ákvörðun um að grípa til aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Vægi orkuvinnslu og orkunotkunar er umtalsvert í losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og er aukin vinnsla endurnýjanlegrar orku einn af lykilþáttum til að draga úr losun þeirra að viðbættri áherslu á orkunýtni og orkusparnað. Ísland stefnir á að verða kolefnishlutlaust árið 2040.

Íslendingar búa við þá eftirsóknarverðu stöðu að þegar hafa verið stigin risastór skref í loftslagsmálum með orkuskiptum úr jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orku í rafmagnsframleiðslu og húshitun. Næsta stóra tækifæri samfélagsins í loftslagsmálum er að ráðast í orkuskipti í samgöngum með samvinnu stjórnvalda, atvinnulífs og almennings, jafnframt því að beita öðrum færum leiðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Orku- og veitufyrirtæki ætla áfram að leggja sitt af mörkum svo þessum markmiðum verði náð.

### Kolefnishlutlaus orku- og veitustarfsemi árið 2040

*Markmið orku- og veitustarfseminnar er að verða kolefnishlutlaus fyrir árið 2040.*

Til að ná megi þessu markmiði ætlum við að vera leiðandi afl í:

- Að minnka kolefnisspor orku- og veitustarfsemi á Íslandi á sjálfbæran hátt.
- Snjöllum og orkusparandi orku- og veituinnviðum til að stuðla að sjálfbæru samfélagi.
- Virku og samkeppnishæfu markaðsumhverfi sem byggir á öruggri afhendingu endurnýjanlegrar orku.
- Miðlun þekkingar til viðskiptavina, almennings og stjórnvalda í góðu samstarfi við hagaðila.

Orku- og veitustarfsemi á Íslandi gerir miklar kröfur um gæði, afhendingaröryggi og hagkvæmni og leggur áherslu á rannsóknir og nýsköpun til að geta nýtt bestu mögulegu lausnir í þeim tilgangi. Rekstur orku og veitustarfsemi byggir á öguðum vinnubrögðum. Við ætlum að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum og byggja upp hæfni starfsfólks í þeim efnum.

Reykjavík 6. mars 2018

Helgi Jóhannesson

Guðrún Erla Jónsdóttir

Ásgeir Margeirsson

Hörður Arnarson

Inga Dóra Hrólfsdóttir

Jóhanna B. Hansen

Guðmundur Ingi Ásmundsson



# Samanburður við aðra orkukosti




Heimild: IEA/OECD

* Skv. National Inventory Report – Emissions of Greenhouse Gases in Iceland from 1990 to 2016

**Vistferilsgreining raforkuvinnslu með rannsóknarvindmyllum á Hafinu við Búrfell*** Kolefnishlutleysi orku- og veitugeirans 2040

# Vindorka er afturkræf



- Helstu áhrif vindorku eru á landslag og ásýnd
- 25 – 30 ára verkefni
- Áhrifin eru afturkræf
- Eftir að rekstri lýkur er hægt að taka vindmyllur niður
- Eða taka aftur ákvörðun um áframhaldandi uppbyggingu vindorku

# Vindorka og Vatnsafl fara vel saman



# Viðhorf Íslendinga til virkjanakosta




**12%** aðspurðra **Andvíg vindmyllugörðunum, Búrfells- og Blöndulundi**

**62%** aðspurðra **Hlynnt vindmyllugörðunum, Búrfells- og Blöndulundi**

# Umgjörð uppbyggingar vindorkunýtingar á Íslandi

SAMORKA

# ORKUÖRYGGI & RAMMAÁÆTLUN

- Rammaáætlun 1: 1999 – 2003
- Rammaáætlun 2: 2004 – 2011
- Rammaáætlun 3: 2013 – ?
- Rammaáætlun 4: 2017 – ?

# RAMMAÁÆTLUN 3: FAGHÓPAR

- Faghópur 1 - Náttúra og menningarminjar
- Faghópur 2 - Auðlindanýting önnur en orkunýting
- Faghópur 3 - Samfélagsleg áhrif virkjana (lauk ekki)
- Faghópur 4 - Efnahagsleg áhrif virkjana (lauk ekki)

# FAGHÓPUR 3: SAMFÉLAGSLEG ÁHRIF VIRKJANA

- „til slíkra áhrifa teljist allir þeir þættir í tengslum við framkvæmdir eða aðgerðir sem orka á eða varða fólk með beinum eða óbeinum hætti. Nánar tiltekið eru samfélagsleg áhrif framkvæmda og aðgerða **allar breytingar sem þær hafa í för með sér á lifnaðarháttum fólks, lífssýn og gildismati, störfum, samskiptum, samstarfi og samlífi almennt.** Þetta þýðir að nær allt getur talist til samfélagslegra áhrifa svo framarlega sem það skiptir fólk máli eða snertir líf þess með einum eða öðrum hætti "

# FAGHÓPUR 4: EFNAHAGSLEG ÁHRIF VIRKJANA

- “á raforkuöryggi, almennt atvinnustig, **áhrif á aðrar atvinnugreinar, þenslu og ruðningsáhrif, sem og hugsanleg neikvæð ytri áhrif s.s. náttúruspjöll sem virkjanaframkvæmdum kunna að fylgja auk þess fórnarkostnaðar sem nýtingunni getur fylgt.** Mat þjóðhagslegra áhrifa krefst þess að allar þær afleiðingar sem virkjanaframkvæmdir hafa fyrir þjóðarhag séu metnar og kerfisbundið farið yfir allan kostnað og allan ábata sem framkvæmdir skila samfélaginu í heild”
- Fórnarkostnaður metinn með **skilyrtu verðmætamati**: “Skilyrt verðmætamat er **eins konar skoðanakönnun**. Málsatvik eru kynnt fyrir hópi fólks og það til dæmis spurt hvort það gæti hugsað sér að greiða tiltekna fjárhæð á hverju ári gegn því að ekki verði farið í einhverja framkvæmd sem raski náttúrunni “

# ÁHRIFASVÆÐI VIRKJANAKOSTA SKV. FAGHÓPI 1




*Mynd 1. Yfirlitsmynd af áhrifasvæðum einstakra virkjunarkosta.*

# ÁHRIFASVÆÐI BÚRFELLSLUNDAR SKV. FAGHÓPI 2



# Óvissa getur hvatt til dreifingar

Samanburður á sýnileika fyrir 200MW. Í einum vindmyllugarði og minni vindmyllum dreift um landið.

**Sérfræðingar frá löndum með umfangsmikla vindorkunýtingu ráðleggja okkur að hafa frekar stóra og færri vindmyllugarða, frekar en að dreifa vindmyllum um allt.**

Ef stærri kostir þurfa að í margra ára matsferli mun það stuðla að uppbyggingu margra minni kosta í stað stærri kosta sem gætu verið betri.



# Sjónarmið Samorku

- Mikil tækifæri í vindorkunýtingu – áhugaverður kostur til að mæta hluta eftirspurnar til framtíðar
- Mikilvægt að standa vel að nýtingu hennar – Getum gert rétt frá upphafi ef við vöndum okkur
- Dreifð nýting / stærri lundir
- Skýr, skilvirk og gagnsæ stefna stjórnvalda
- Eðlilegt að byrja á að útiloka svæði sem ganga alls ekki

# Sjónarmið Samorku

- Einfalt og skilvirkt kerfi sem gerir lengri tíma áætlanir mögulegar
- Nýtum erlendar fyrirmyndir – og nýtum þær rétt!
- Núverandi rammaáætlun eða sér rammaáætlun fyrir vind – sporin hræða
- Er þörf fyrir rammaáætlun ef til staðar er skilvirk Landsskipulagsstefna sem nær alveg um málið?
- Mikilvægt að hafa gott samráð við hagsmunaaðila

# Takk fyrir